



Formannafundur AKÍS

5. nóvember 2022

Formannafundur Akstursíþróttasambands Íslands var haldinn laugardaginn 5. nóvember 2022 kl. 10:00 í félagsheimili Kvartmíluklúbbsins að Álfhelli í Hafnarfirði.

1. Fundur settur

Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), formaður AKÍS, bauð fundarfólk velkomið og setti fundinn kl. 10.00.

Stakk hún uppá Bergi Þorra Benjamínssyni (BÞB) sem fundarstjóra og Aðalsteini Símonarsyni (AS) sem ritara fundarins. Var það samþykkt samhljóða.

BÞB tók við fundarstjórn og sagði að til fundarins hafi verið boðað með löglegum hætti í tveimur tölvupóstsendingum. Engin andmæli bærust við því.

2. Skýrsla stjórnar

HKS flutti skýrslu stjórnar:

“Góðir fundarmenn

Það má segja að núverandi keppnistímabil hafi byrjað af fullum krafti strax eftir síðasta formannafund. Keppnisgreinin hermikappakstur kom sterk inn í veturinn og voru haldnar níu keppnir á síðastliðnu keppnistímabili. Alls voru haldnar 33 Íslandsmeistarakeppnir á tímabilinu, nokkuð var um bikarmót ásamt ótal mörgum æfingum og sýningum.

Það má sannarlega segja að nóg hafi verið um að verð þetta keppnistímabili sem var covid laust. Það var skemmtileg tilbreyting að geta verið með áhorfendur og að liðin gætu verið með full skipaðan hóp með sér á keppnum.

Örlítill fækkun var á keppnisskírteinum þetta keppnistímabil en gefin voru út um það bil 900 keppnisskírteini hér heima ásamt fimm alþjóðlegum keppnis skírteinum.

Stjórn AKÍS fór í þá vinnu á vordögum að halda námskeið til að mennta starfsfólk sem sinnir helstu störfum á keppnum. Þessi námskeið heppnuðust vel og góð mæting var á þau öll. Stefna AKÍS er að vinna áfram að bættum vinnubrögðum og samræmdum vinnuferlum og það hefur sýnt sig að hvort tveggja er til bóta fyrir bæði keppnishaldara og keppendur. Á vordögum gerði stjórn AKÍS til námskrá með viðmiðunar kröfum.

Því má segja að keppnistímabilið hafi tekist vel, hins vegar þurftu nokkrir keppendur að leita aðhlynningar eftir keppnir sumarsins. Í ár voru gerðar breytingar á reglugerð um keppnishald þar sem keppnishaldarar voru með viðbragðsaðila á keppnum sem veitt gat fyrstu hjálp á meðan sjúkrabíll kom til að hlúa að keppendum. Í reglugerð um keppnishald stendur að öryggisfulltrúi sendi skýrslu eftir hverja keppni. Lítið af þessu skýrslum hafa borist til sambandsins og öryggisráðs: Við óskum eftir að öryggisfulltrúar verði duglegri að senda þessar skýrslu til sambandsins eins og reglur segja til um.

Í sumar bætist við enn ein varanleg keppnisbraut þegar Bílaklúbbur Akureyrar fór í það verkefni að búa til Rallycross braut. Spenningur hefur verið mikill hjá áhugafólki um að fá fleiri keppnisbrautir í Rallycross þar sem í mörg ár hefur aðeins verið keppt á einu svæði.

AKIS tók þátt í tveimur alþjóðlegum mótum á árinu. RIG (Reykjavík International Games) er stórt alþjóðlegt mót haldið í byrjun febrúar. AKÍS tók þar þátt í Hermiakstri. Þetta hafa verið landskeppnir og í ár voru Íslendingarnir að keppa við Dani. Sambandinu stendur til boða að taka aftur þátt á næsta ári þar sem stefnan er að fleiri keppnisgreinar verða á dagskrá. M.a hefur BÍKR lýst yfir áhuga að halda vetrar Rally en sú keppni er í drögum að keppnisdagatali.

Í október fóru fram Motorsport Games FIA þar sem AKÍS sendi Hákon Jökulsson til keppni í Hermikappakstri fyrir Íslands hönd. Hákon var á meðal 47 annarra keppanda. Hann stóð sig með þryði og komst í úrtak fyrir úrslit þar sem topp 5 hefðu komist áfram en hann náði því miður því ekki í þetta sinn og endaði í sjöunda sætinu. Það verður að teljast góður árangur. Í heildarárangri var Hákon í sæti frá 25-30 en í úrslit komust topp 20.

Alls eru 28 Íslandsmeistarar krýndir þetta árið í níu keppnisgreinum en það er heldur færri en hafa verið undanfarin ár.

Eftir nokkra umræðu var ákveðið á vormánuðum að auglýsa eftir framkvæmdastjóra í fullt starf, en undanfarin ár hefur staðan verið metin sem u.þ.b. 1/3 starf. Skipuð var nefnd sem hélt utan um ráðningar málin. Auglýst var eftir framkvæmdastjóra á starfavefnum Alfreð og eftir viðtöl við nokkra einstaklinga var Bergur Þorri Benjamínsson ráðin í starfið. Bergur tók til starfa 1.júní sl.

AKIS tók þátt í FIA verkefninu Women in Motorsport, sem hefur það að markmiði að fá fleiri konur í akstursíþróttir. Þetta verkefni hefur verið leitt hér á landi af Hönnu Rún Ragnarsdóttur og hafa þátttakendur verið virkar á samfélagsmiðlum og hafa haldið hittinga, brautardag og margt annað skemmtilegt til að hvetja konur til að taka þátt.

Stjórn fékk undir lok sumars upplýsingar um að erfitt væri að fá Nítró keypt í landinu. Framkvæmdastjóri fór í viðræður við Linde gas um kaup á Nítró eftir að hafa komist í ágætt samband við Öryggis og markaðsstjóra þess félags. Eftir nokkra bið var endanlegt svar Linde það að þeir væru ekki að flytja inn Nítró til iðnaðar eða keppnis nota. Stjórn hefur verið að kanna aðra möguleika á innflutningi en betri upplýsingar munu koma síðar um þessi mál.

Nokkrar umræður urðu um brautarúttaktir í stjórn síðastliðið ár. Ekki hefur verið mörkuð skýr stefna en stefnt samtal á milli stjórnar og aðildarfélaganna um það hvernig væri best staðið að þeim málum.

en vilji stendur til að.

Starfshópur var stofnaður til að skoða fjölmiðlamál. Hann hefur fundað þrisvar sinnum og haldið stjórn upplýstri um sín störf. Starfshópurinn mun vinna áfram og koma með sínar tillögur fyrir næsta ársþing.

Það eru ýmis verkefni framundan hjá stjórninni þar á meðal umhverfismál, endurskoðun á afreksstefnunni, fjölmiðlamál.

Í lokin við ég nýta tækifærið og óska Akstursíþróttafélagi Hafnarfjarðar og Akstursíþróttafélagi Suðurnesja innilega til hamingju með stór afmælinn á árinu.

Í ár á AKÍS einnig stór afmæli 40 ár. Þannig þá má segja að þetta sé stórt afmælisár í akstursíþróttum.

Ég vil að lokum þakka öllum aðildarfélögum, sjálfboðaliðum og öllum ráðum og nefndum sem starfa innan AKÍS innilega fyrir allt það starf sem þið hafið unnið í þágu íslensks mótorsports.”

3. Skýrslur ráða og nefnda

Keppnisráð í drifti - Bragi Örn Himarsson flutti skýrslu ráðsins, [tengill á skýrslu](#).

Keppnisráð í hringakstri - Sigfús B Sigurðsson flutti skýrslu ráðsins, [tengill á skýrslu](#).

Keppnisráð í rally - Aðalsteinn Símonarson flutti skýrslu ráðsins, [tengill á skýrslu](#).

Keppnisráð í rallycrossi - HKS flutti skýrsluna þar sem enginn fulltrúi úr ráðinu var mættur á fundinn, [tengill á skýrslu](#).

Keppnisráð í spyrnu - Halldór Hauksson flutti skýrslu ráðsins, [tengill á skýrslu](#).

Keppnisráð í torfæru - HKS flutti skýrsluna þar sem enginn fulltrúi úr ráðinu var mættur á fundinn, [tengill á skýrslu](#).

Öryggisráð - Atli Jóhann Einarsson flutti skýrslu ráðsins, [tengill á skýrslu](#).

4. Keppnisdagatal 2023

Fyrir liggur dagatal með óskum frá keppnishöldurum

Dags	Grein	Mót	Skýring	Félag	Staður
13.11.2022	Hermikappakstur	Íslandsmót	Laguna Seca	KK	GT Akademían
04.12.2022	Hermikappakstur	Íslandsmót	Mount Panorama	KK	GT Akademían
08.01.2023	Hermikappakstur	Íslandsmót	Nurburgring	KK	GT Akademían
05.02.2023	Hermikappakstur	Íslandsmót	Road America	KK	GT Akademían
05.03.2023	Hermikappakstur	Íslandsmót	Catalunya	KK	GT Akademían
02.04.2023	Hermikappakstur	Íslandsmót	SPA	KK	GT Akademían
04.02.2023	Rally	Bikarmót	RIG 2023	BÍKR	Reykjavík
06.05.2023	Torfæra	Íslandsmót		AÍNH	Hella
13.05.2023	Spyrna		Brautardagur	KK	Hafnarfjörður
20.05.2023	Torfæra	Íslandsmót	KFC torfæran	KK/BA	Hafnarfjörður
21.05.2023	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
26-27.05.2023	Drift	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
27.05.2023	Spyrna	Íslandsmót	B.Jensen Afmælispyrna	BA	Akureyri
28.05.2023	Sandspyrna	Íslandsmót		BA	Akureyri
28.05.2023	Kappakstur	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
02-03.06.2023	Rally	Íslandsmót		AÍFS	Suðurnes
03.06.2023	Spyrna	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
04.06.2023	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
07.06.2023	Tímaat	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður

09-10.06.2023	Drift	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
14.06.2023	Auto X		Bíladagar	BA	Akureyri
14.06.2023	Drift		Bíladagar	BA	Akureyri
15.06.2023	Rallycross	Bikarmót	Bíladagar	BA	Akureyri
15.06.2023	Bílalimbo		Bíladagar	BA	Akureyri
15.06.2023	Hávaðalimbo		Bíladagar	BA	Akureyri
16.06.2023	Götuspyrna	Íslandsmót	Bíladagar	BA	Akureyri
17.06.2023	Bílasýning		Bíladagar	BA	Akureyri
17.06.2023	Burnout		Bíladagar	BA	Akureyri
21.06.2023	Tímaat	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
24.06.2023	Spyrna	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
24.06.2023	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
25.06.2023	Rally	Íslandsmót		BÍKR	Ótilgreint
01.07.2023	Spyrna		Brautardagur	KK	Hafnarfjörður
01.07.2023	Torfæra	Íslandsmót	ISAVIA Torfæra	Start	Egilsstaðir
02.07.2023	Torfæra	Íslandsmót	ISAVIA Torfæra	Start	Egilsstaðir
02.07.2023	Kappakstur	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
08.07.2023	Áttungsmíla	Bikarmót		BA	Akureyri
15.07.2023	Áttungsmíla	Bikarmót	King of the Street / Outlaw King	KK	Hafnarfjörður
19.07.2023	Tímaat	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
22.07.2023	Rallycross	Íslandsmót		BA	Akureyri
28.07.2022	Áttungsmíla	Bikarmót		BA	Akureyri
28.07.2023	Rally	Íslandsmót		BS	Sauðárkrókur
29.07.2023	Rally	Íslandsmót		BS	Sauðárkrókur
28-29.07.2023	Drift	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
29.07.2023	Áttungsmíla	Bikarmót	Bracket	KK	Hafnarfjörður
30.07.2023	Kappakstur	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
05.08.2023	Spyrna	Íslandsmót		BA	Akureyri
06.08.2023	Spyrna	Íslandsmót	Minningarmót	BA	Akureyri
06.08.2023	Traktorstorfæra			AÍNH	Flúðir
09.08.2023	Tímaat	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
11-13.08.2023	Hill Rally	Bikarmót	CanAm Iceland Hill Rally 2023	KK	Suðurland
12.08.2023	Spyrna	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
18-20.08.2023	Rally	Íslandsmót	Vægi 1,5	BÍKR	Ótilgreint
19.08.2023	Þolakstur	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður

19.08.2024	Torfæra	Íslandsmót		BA	Akureyri
20.08.2023	Spyrna		Brautardagur	KK	Hafnarfjörður
25-26.08.2023	Drift	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
27.08.2023	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
02.09.2023	Spyrna		Brautardagur	KK	Hafnarfjörður
09.09.2023	Sandspyrna	Íslandsmót		BA	Akureyri
09.09.2023	Rallycross	Bikarmót	Rednek	AÍH	Hafnarfjörður
10.09.2023	Rallycross	Bikarmót	Rednek	AÍH	Hafnarfjörður
16.09.2023	Sandspyrna	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
23.09.2023	Rally	Íslandsmót		AÍFS	Suðurnes

Nokkrar spurningar og ábendingar komun fram:

- framsetning daga og fjöldi keppna.
- NEZ torfæra kemur inn, vantar dagsetningu.
- alþjóðleg keppni í nákvæmnisakstri (eRally FIA) kemur inná dagatalið ef FIA úthlutar.

Dagatalið var samþykkt samhljóða með fyrrgreindum fyrirvörum, HKS falið að ljúka við uppsetningu til birtingar á vefnum innan tilskilins frests.

5. Umræður um afreksstefnu AKÍS

HKS flutti eftirfarandi framsögu um málið.

“Í ár voru nokkur alþjóðleg verkefni sem íslenskir keppendur hafa verið að taka þátt í.

Á Reykjavík International Games (RIG) var keppt hermiakstri þar kepptu 8 keppendur við Dani.

NEZ mótið í torfæru var haldið á Akureyri þar sem 20 keppendur tóku þátt en þvi miður komu engir erlendir þátttakendur á það mót.

2 keppendur hafa verið að keppa í Rally í Bretlandi

Einnig voru tveir aðilar sem tóku þátt Le mans cup sem er kappakstur.

AKÍS sendi einn keppanda á Motorsport Games leikanna sem var núna á dögum. Hann keppti í Hermiakstri og var meðal 49 aðra þjóða.

ÍSí hefur verið að halda afreksbúðir fyrir unglunga á aldrinum 15 -18 ára.

Tilkynnig um þessar afreksbúðir hafa verið sent til allra aðildarfélaga.. Fyrsti fyrirlestur hefur verið haldin en stefnan er að halda tvö aðra eftir áramót. Ef einhver ungmenni vilja taka þátt þá er enn hægt að bætast í hópinn, við biðjum aðildarfélög um að senda til okkar á akis@akis.is

Á næsta ári liggja fyrir þrjú alþjóðleg verkefni. - Reykjavík International Games (RIG), stefnan er að þar sé keppt í rally og hermiakstri.

FIA NEZ keppni í torfæru verður haldin í Noregi það er ekki komin staðfestur fjöldi sem mun taka þátt í þeirri keppni.

Þegar það er farið yfir afreksstefnuna þá sér maður að það eru hlutir í henni sem eiga ekki við eða hreinlega eiga ekki heima í afreksstefnunni þannig ég mun leggja til að það verði farið í vinnu að endurskoða afreksstefnuna og hún verði lögð fram endurbætt á næsta ársþingi.”

6. Reglugerðir

Baldvin Hansson fór yfir hugmyndir sem ræddar hafa verið í stjórn varðandi breytingar á reglugerðum með það að markmiði að fá álit félaganna á þeim.

Voru það þessar helstar:

- **Keppnisráð**
Stofnað verði sérstakt keppnisráð um rafíþróttir.
Formannafundur ákveði hvort Íslandsmót verði ein keppni eða mótarið, frekar en keppnisráðin eins og nú er.
- **Keppnishald**
Fulltrúar í keppnisráðum láti vita af sér fyrirfram ef þeir ætla að mæta á keppnissvæði.
Fulltrúar í Öryggiráði fái aðgang að keppnissvæðum.
Breyta e.t.v. lágmarks fjölda þátttakenda í flokkum og keppnum sem þarf að taka þátt til að þeir/þær gildi til Íslandsmeistara.
Öryggisfulltrúar skili skýrslu sinni innan 14 daga frá lokum keppni.
- **Akstursíþróttafólk ársins**
Hætta að aðgreina konur og karla við útnefningu, heldur hafa alla í kjöri fyrir einn og sama titilinn.

Nokkrar umræður urðu um málið og var almennt stuðningur við fyrirhugaðar breytingar. Þá virtust fleiri en færri vera á þeirri skoðun að áfram skyldu útnefnd akstursíþróttakona og akstursíþróttamaður ársins.

7. Fjölmíðlar

Baldvin Hansson upplýsti að stjórn hefði skipað vinnuhóp í haust til að fara yfir núverandi reglur fyrir fjölmíðlafólk og koma með tillögum að breytingum ef þörf er á. Í hópnum sitja Halldór Hauksson, Einar Gunnlaugsson og Ingimundur Helgason. Hugmynd stjórnar væri að fram kæmi heilðræn lausn varðand upptökurétt á keppnum, höfundarrétt, dreifingu efnis og sölu á því. Í umræðum kom fram skýr vilji aðildarfélaganna til að fleiri félög og greinar ættu beina aðild að vinnuhópnum.

8. Önnur mál

Brautir og keppnissvæði - AS fór yfir umræður í stjórn varðandi úttektir á keppnissvæðum og brautum, bæði almennt og varðandi öryggismál. Var sérstaklega óskað eftir afstöðu fundargesta til spurningarinnar hvort setja vinnu í að búa til reglur eða viðmið varðandi málið. Skiptar skoðanir voru um málið en þó meiri áberandi sú afstaða að einhverjar reglur þurfi að gilda, a.m.k. varðandi nýjar brautir.

Reglur - Fram kom ábending um að mikilvægt sé að ekki séu settar fram reglur sem eru með "lausa enda" líkt og gerðist varðandi brautir í rallycrossi fyrr á árinu.

AS, BPB og HKS fá heimild til að ganga frá fundargerð og birta innan 7 daga.

Fundi slitið kl. 13.30

Viðauki A: Mæting

Bergur Þorri Benjamínsson - framkvæmdastjóri AKÍS
Hanna Rún Ragnarsdóttir - AKÍS
Helga Katrín Stefánsdóttir - AKÍS
Baldvin Hansson - AKÍS
Halldór V Hauksson - AKÍS - Spyrnuráð
Aðalsteinn Símonarsson - AKÍS - Rallyráð
Sigurður Arnar Pálsson - AÍFS - Rallyráð
Sigfús B Sverrisson - KK - Hringakstursráð
Bragi Örn Hilmarsson KK - Drifráð
Ari Halldór Hjaltason - Öryggisráð
Atli Jóhann Einarsson - Öryggisráð
Hrefna Björnsdóttir - BA
Atli Ragnarsson - AÍFS
Linda Dögg Jóhannsdóttir - AÍH
Kolbrún Vignisdóttir - BÍKR
Sigurður Ingi Sigurðsson - TKS
Ingólfur Arnarsson - KK
Ragnar Róbertsson - Stimpill
Sigurður Haukur Einarsson - Hekla